

Skýrsla æskulýðsnefndar Háfeta Þorlákshöfn 2016



Æskulýðsnefnd Háfeta 2016:

Eevakaisa Jónasson
Sjöfn Sæmundsdóttir
Dóróthea Sigríður Unnsteinsdóttir
Sophie Wellenbrink
Josefine Wikenholm

Reiðnámskeið fyrir börnin byrjaði 11 janúar og lauk 11 júní. Þátttakan mjög góð, alls voru 38 börn skráð á námskeiðin. Eins og í fyrra þá er starfræktur reiðskóli á svæðinu sem býður uppá frábæra hesta og reiðtygi. Mikil ánægja og gleði er á meðal barnanna og ekki síst foreldra að geta boðið börnunum þessi forréttindi.

Börnin okkar tóku þátt í flest öllum Hallarmótunum félagsins og þegar mest var kepptu 13 börn, aldrei áður hafa svo mörg börn tekið þátt í innan félagsmótum hjá okkur. Þau voru mjög þrúð og vel undirbúin undir hvert mót þar sem partur af reiðkennslunni er undirbúningur fyrir mót. Mikið er lagt upp úr sætisæfingum, leikjum og elstu börnin læra meira um gangtegundir og gangskiptingar. Börnin fengu að mála hestana, fara í reiðtúr niður í fjöru og fóru út í sjó, ríða berbak, fara í hindrunarstökk og allskonar leikir voru prófaðir. Börnin voru alsæl með veturinn og geta ekki beðið eftir því að námskeiðin hefjist.



Hér

má sjá tvær ungar og efnilegar. T.v Kamilla Sól á Húmfaxa og Eva Margrét á Funa.



Við vorum mjög dugleg að nota góða veðrir og fara út í reiðtúr og njóta.



Krakkarnir fengu að mála hestana sína sem veitti mikla lukku. Mörg falleg listaverk voru gerð.











Við enduðum reiðnámskeiðin okkar á grilldegi þar sem við byrjuðum á því að fara í reiðtúr með þau börn sem treystu sér til þess niður í fjöru og hin börnin gerðu þrautir á hestum inn í reiðhöll. Svo biðu okkar pulsar og svali í félagsheimilinu. Frábær dagur í alla staði.





Nokkur börn vantar á myndina.

Við viljum fyrir hönd Háfeta þakka Reiðskólanum Perluhestum fyrir að skaffa hesta, reiðtygi, hjálma og aðstoðarfólk, án þeirra væri barnastarf Háfeta ekki svona flott og öflugt. Það eru svo sannarlega forréttindi að hafa svona flottan skóla á staðnum.